

Efnistaka í Garði, Skútustaðahreppi

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 13. apríl 2022 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Skútustaðahreppi um jarðhitanýtingu í Ölfusi, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 2.02 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Skútustaðahrepps, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Kynning á efnistöku úr námi við Garð, Skútustaðahreppi. Skútustaðahreppur. Apríl 2022. Önnur gögn: Efnistaka í Garði. Skipulags- og matslýsing fyrir tillögu að breyttu Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Skútustaðahreppur og Alta. 11. febrúar 2022.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Skútustaðahreppi 30. maí 2022, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra 24. maí 2022, Minjastofnun Íslands 17. maí 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands 25. maí 2022 og Umhverfisstofnun 25. maí 2022.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 1. og 2. júní 2022.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í efnistöku úr hraunnámu í landi Garðs í Skútustaðahreppi. Ráðgert er að taka allt að 120.000 m³ efnis á árunum 2022 – 2032. Svæði sem verður raskað vegna efnistöku, geymslu og frágangssvæðis er alls um 4,4 ha. Efnið verður unnið í 3 – 4 m háu stáli í framhaldi af þeirri efnistöku sem hefur farið fram á svæðinu. Skammt er í grunnvatn og miðast efnistakan við að ávallt séu a.m.k. 50 cm af jarðefnum yfir vatnsborði. Efnið verður flokkað innan efnistökusvæðisins. Efni sem ekki nýtist til framkvæmda verður nýtt við mótun lands við endanlegan frágang námunnar. Tenging námuvegar verður útfærð í samráði við Vegagerðina. Gert er ráð fyrir að efnið verði nýtt í göngu- og hjólastíga og aðrar framkvæmdir sem eru fyrirhugaðar á svæðinu. Að auki er meginmarkmið með staðsetningu efnistökusvæðis við Garð að hafa flutningsvegalengdir úr námu sem stýstar og þar með draga úr útblæstri, rykmengun, kostnaði og slyshættu. Ekki er gert ráð fyrir tímabundinni vinnuaðstöðu eða kaffiskúr við námuna.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Skútustaðahrepps og umsögnum umsagnaraðila.



Áhrif á jarðmyndanir, landslag og ásynd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að náman sé á svæði sem hafi verið raskað áður með efnistöku og slóðagerð. Efni verði tekið úr nútímahrauni sem njóti verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Náman sé í hvarfi frá hraunkanti sem dragi úr ásynd frá þjóðvegi.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er tekið undir það sem segir í greinargerð að sjónræn áhrif efnistökkunnar verði ekki mikil ef hraunkanti sem skermi námuna af frá þjóðvegi verði ekki raskað.

Áhrif á verndarsvæði

Í greinargerð Skútustaðahrepps kemur fram að fyrirhugað efnistökusvæði sé staðsett rétt utan verndarsvæðis Mývatns og Laxár sem njóti verndar skv. lögum nr. 97/2004. Við útfærslu efnistökkunnar þurfi að gera ráð fyrir þeim áhrifum sem efnistakan geti haft á verndargildi svæðisins og lágmarka ásyndaráhrif. Því sé mikilvægt að gæta þess að starfsemi á svæðinu valdi ekki mengun og að gerðar séu ráðstafanir gegn mengunarslysum. Á svæðinu séu jarðmyndanir sem njóti sérstakrar verndar og því þurfi að leita umsagnar Umhverfisstofnunar og Náttúruverndarnefndar þingeyinga áður en leyfi er veitt til framkvæmda.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji að hér sé um að ræða nokkuð mikla efnistöku á mjög fjölsóttu ferðamannasvæði. Vega þurfi og meta hvort minni loftmengun vegna styttri aksturs réttlæti frekara rask í hrauni við Mývatn. Skoða ætti efnistöku á þessu svæði í heild og í raun sé í greinargerð bent á önnur efnistökusvæði við Mývatn. Meta þurfi hvort verndargildi svæðisins réttlæti ekki lengri flutning á efni þar sem hrauni verði ekki raskað.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að efnistökusvæðið sé innan grannsvæðis vatnsverndar og í nútímahrauni sem njóti sérstakrar verndar. Náttúrufræðistofnun telur nálægð efnisnámunnar við friðlandið og staðsetning hennar innan vatnsverndarsvæðis vera áhyggjuefni. Grunnt sé niður á grunnvatnsborð og vatn í lægðum námunnar. Þar fyrir utan séu nútímahraun yfirleitt með mikla lekt. Helstu lindasvæðin í suðaustanverðu Mývatni komi undan hraunum þar sem núverandi námasvæði sé staðsett. Það er mat Náttúrufræðistofnunar að forðast eigi efnistöku í svo mikilli nálægð við verndarsvæði Mývatns og innan vatnsverndarsvæðis. Of mikið sé í húfi t.d. ef mengunarslys verði innan námusvæðisins þar sem grunnt sé á grunnvatnið og hraunin lek. Þegar um sé að ræða einstaka náttúruperlu landsins með margskonar alþjóðlega verndarsamninga, eru röksemdir um styttri vegalengdir efnisflutninga ekki nægilegar til að réttlæta efnistöku á þessu svæði.

Í svörum Skútustaðahrepps kemur fram að þar sem efnistökusvæðið nái yfir nútímahraun sem njóti verndar samkvæmt náttúruverndarlögum og sé nálægt verndarsvæðinu sé gerð krafa um sérstaka varfærni við vinnslu efnis á svæðinu. Hluti af fyrirhuguðu efnistökusvæði verði á svæði sem sé skilgreint athafnasvæði og hefur umtalsverð efnistaka verið þar á undanförunum árum án óhappa eða markverðra neikvæðra áhrifa á Mývatn. Sá hluti hraunsins sem sé utan athafnasvæðisins hafi verið raskað með slóðagerð og áburðardreifingu. Við sunnanvert Mývatn sé brýn þörf á efni sem uppfylli skilyrði sem burðarlag svo unnt sé að viðhalda eðlilegri framþróun sveitarfélagsins. Sé valkosturinn borinn saman við aðra kosti sem standi til boða er ávinningur m.a. af nálægð við framkvæmdasvæðið, tengsl við innviðaupbyggingu og eldri námu, reynslu af efnistöku af svæðinu og minni hætta á mengunarslysum vegna þungaflutninga um vatnsbakka Mývatns frá norðri. Neikvæð áhrif á grunnvatn auk rasks og gróðureyðingar megi lágmarka með skilyrðum í framkvæmdaleyfi og starfsleyfi. Þar er lagt til að takmarka dýpt efnistökusvæðisins þannig að 50 cm jarðvegur verði ávallt yfir grunnvatni. Einnig að geymsla olúbirgða og spilliefna tengt efnistöku á svæðinu verði óheimil á og við skilgreint efnistökusvæði sem og geymsla vinnuvéla sem ekki eru í notkun. Þá sé gert ráð fyrir efnistökuáætlun með áfangaskiptri efnistöku og að frágangur með mótun lands, dreifingu lífræns áburðar og uppgræðslu hefjist strax þar sem efnistöku sé lokið.



5 Skipulag og leyfi

Efnistökusvæðið er ekki í samræmi við Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011 - 2023. En unnið er að breytingum á aðalskipulaginu. Skútustaðahreppur getur gefið út framkvæmdaleyfi fyrir námunni þegar staðfest breyting á aðalskipulagi liggur fyrir.

Framkvæmdin er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

6 Niðurstaða

Um er að ræða allt að 120.000 m³ efnistöku úr nútímahrauni í landi Garðs í Skútustaðahreppi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 2.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, nýtingar náttúruauðlinda, úrgangsmyndunar, mengun og hættu á stórslysum sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Framkvæmdin felst í efnistöku á svæði sem er útvíkkun á eldra efnistökusvæði. Efnistökusvæðinu hefur áður verið raskað að hluta bæði með slóðagerð og áburðargjöf. Efnistakan hefur ekki í för með sér reglubundna losun mengunarefna í vatn. Til að slíkt gerist þarf óhapp eða slys að eiga sér stað. En framkvæmdaraðili hefur bent á ýmsar mótvægisáðgerðir sem verður beitt til að lágmarka líkur á slíkum atburðum. T.d. verða hvorki olíubirgðir né starfsmannaaðstaða í námunni auk þess sem gerðar eru kröfur um ástand véla og jarðvegsþykkt ofan grunnvatns. Að því gefnu að framkvæmdin verði skilyrt samkvæmt tillögum Skútustaðahrepps þá telur Skipulagsstofnun að þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar kalli ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, svo sem með tilliti til sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Framkvæmdasvæðið er um 4,4 ha að flatarmáli. Það er nálægt, en utan, verndarsvæðis Mývatns og Laxár sem nýtur verndar með sérlögum. En hraunið nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd og efnistökusvæðið er jafnframt innan vatnsverndarsvæðis Mývatns og Laxár en hvort tveggja telst verndarsvæði í skilningi 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Efnistakan felst í varanlegri og óafturkræfri röskun á jarðmyndunum sem njóta verndar en á svæðinu er stærstur hluti þeirra jarðmyndana á efnistökusvæðum sem koma til greina til mannvirkjagerðar einnig úr nútímahraunum. Aðrir kostir liggja ekki á lausu nema farið sé um tiltölulega langan veg. Þrátt fyrir að svæðið sé á vatnsverndarsvæði felst engin reglubundin losun efna í vatn í efnistökunni sjálfri og líkt og rakið var að framan hefur framkvæmdaraðili lagt fram margvíslegar mótvægisáðgerðir til að fyrirbyggja mengun vatns. Efnistakan er um 400 metra frá Mývatnssveitarvegi og hraunkantur hamlar sýn frá vegi í námuna og dregur því úr neikvæðum sjónrænum áhrifum efnistökkunnar. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir staðsetningu framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.



Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda við efnistöku í landi Garðs felast fyrst og fremst í óafturkræfum áhrifum á jarðmyndun sem nýtur verndar. Áhrifin verða varanleg en byggt á framlögðum gögnum eru þau að mati Skipulagsstofnunar bundin við svæði sem hefur verið raskað að hluta. En af framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og loftmyndum af svæðinu má ráða að vegna mikillar röskunar hafi hraunið að verulegu leyti glatað verndargildi sínu. Áhrifin eru ekki líkleg til að hafa áhrif á marga. Einnig er horft til þess að áformað er að nýta jarðefnin í til mannvirkjagerðar í nágrenni námunnar og spara sér með því lengri flutning jarðefna með tilheyrandi hættu á óhöppum á viðkvæmu svæði. Skipulagsstofnun telur brýnt að framkvæmdaraðili ráðist í boðaðar mótvægisáðgerðir og dragi með því eins og frekast er unnt úr hættu á því að framkvæmdin rýri viðkvæm verndarsvæði sem hafa mjög hátt verndargildi. Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er 22. júlí 2022.

Reykjavík, 16. júní 2022

Jakob Gunnarsson

Jón Smári Jónsson